

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 231/1995, um Listasafn Íslands.

1. gr.

5. mgr. 2. gr. orðast svo:

Í forföllum forstöðumanns er yfirmaður rekstrarsviðs staðgengill hans nema menntamálaráðherra mæli fyrir um aðra skipan.

2. gr.

10. gr. orðast svo:

Heimilt er að lána listaverk safnsins til opinberra stofnana, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt, sbr. og 2. mgr.:

- a) Verk skulu hengd upp af fagmanni á vegum safnsins þegar því verður við komið. Óheimilt skal að breyta staðsetningu verks án leyfis safnsins. Verk skulu flutt á milli staða í sérstökum þar til gerðum listaverkaumbúðum á kostnað lántaka.
- b) Yfirmenn stofnana skulu ábyrgir fyrir verkum sem lánuð eru í stofnanir þeirra og bera þar með ábyrgð á öryggi þeirra og ástandi. Settum öryggisreglum safnsins skal fylgt í meðferð verka hvað hita, raka og sólarljós varðar, auk annars öryggis. Ef eitthvað kemur fyrir listaverk á meðan það er á ábyrgð lántaka, þannig að gera þurfi við það eða skipta um ramma, skal það gert á kostnað lántaka að fengnu leyfi forstöðumanns safnsins. Verk sem eru í útláni skulu sérstaklega tryggð á kostnað viðkomandi stofnunar. Tryggingafjárhæð skal ákveðin af safninu í samráði við lántaka. Ef ríkisstofnun á í hlut fer um tryggingar eftir almennum reglum ríkisins um kaup á váttryggingum.
- c) Ef um vanrækslu af hálfu lántaka er að ræða á meðferð verka, samkvæmt reglum þessum, skal þeim strax skilað ef forstöðumaður safnsins eða fulltrúi hans óskar eftir því. Ef verk eru kölluð inn til sýninga getur lántaki óskað eftir að fá annað verk að láni í staðinn.

Gengið skal frá skriflegu samkomulagi milli Listasafns Íslands og hlutaðeigandi stofnunar, þar sem tilgreindir eru allir skilmálar fyrir láni listaverksins eða listaverkanna, þar með talin gjaldtaka, sbr. 4. mgr., lánstími og meðferð verkanna meðan á láni stendur.

Þess skal gætt við útlán verka að höfundur eða heildarsamtök myndhöfunda í umboði hans hafi veitt til þess samþykki sitt. Útlán samkvæmt þessari grein skulu og háð samþykki safnráðs.

Heimilt er að taka gjald fyrir útlán listaverka samkvæmt þessari grein og skal gjaldið ákvarðast hverju sinni miðað við beinan kostnað safnsins vegna útlánanna og þá vinnu sem safnið innir af hendi í því skyni. Skulu þeir kostnaðarþættir skilgreindir í samningnum. Þá skal gjaldið tryggja greiðslu til myndhöfunda, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. höfundalaga, nr. 73/1972 með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 58/1988, um Listasafn Íslands, og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldtökuheimild skv. 4. mgr. 2. gr. tekur ekki til þeirra verka sem við gildistöku reglugerðar þessarar hafa verið lánuð til opinberra stofnana.

Menntamálaráðuneytinu, 27. janúar 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

22. janúar 1999

Nr. 75

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar er skipuð 11 bæjarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í bæjarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hún með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar er:

1. Að kjósa forseta bæjarstjórnar og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.